STJÓRNARTÍÐINDI A 23 — 1973

LÖG

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr., 1. mgr., orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir eru til fulls kennslustarfs. Þá eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og tveir fulltrúar stúdenta á fundum háskóladeilda og námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum, svo og formaður og varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. nóvember 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

Stjórnartíðindi A 23, nr. 88. Útgáfudagur 8. nóvember 1973.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.